

Forstöðumaður skal annað hvort vera sálfræðingur eða hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, uppeldisfræði eða hliðstæðu námi með viðbótarmenntun og reynslu af meðferðarstarfi. Hann skal enn fremur að jafnaði hafa reynslu og/eða menntun í stjórnunarstörfum.

5. gr.

Forstöðumaður ræður deildarstjóra meðferðarstöðvarinnar í samráði við barnaverndarstofu og með samþykki félagsmálaráðuneytisins. Þeir skulu hafa sérmenntun í uppeldisfræði, sálarfræði, félagsráðgjöf eða aðra sambærilega menntun. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með faglegu starfi innan sinnar deildar. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk, þ.m.t. sálfræðinga, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga.

6. gr.

Unglingar, sem vistaðir eru á meðferðarstöðinni, skulu eiga aðgang að skóla sem fyrst og fremst er ætlað að annast kennslu þeirra sem dvelja á stöðinni. Barnaverndarstofa setur vinnureglur um tengsl stöðvarinnar og þess skóla sem þjónar henni. Vinnureglur þessar skulu settar að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og skulu endurskoðaðar reglulega.

7. gr.

Meðferðarstöðin skal í störfum sínum hafa náð samstarf við barnaverndarstofu og barnaverndarnefndir sveitarfélaga og samráð við úrlausn mála svo sem frekast er kostur.

8. gr.

Rekstrarkostnaður meðferðarstöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi hinn 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 553/1994.

Félagsmálaráðuneytið, 10. apríl 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í
Kópavogi nr. 347/1974, sbr. reglugerð nr. 70/1977.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Kópavogi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í, eða hefir tengt hús sitt holræsakerfi bæjarins, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Kópavogs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,13% af álagningarstofni húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 13,50 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 9,50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 17,00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1.850,00.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.